

UNDIRBÚNINGSDRYKKUR FYRIR SKURÐAÐGERÐ (PREOP)



PreOp er kolvetnaríkur drykkur sem notaður er fyrir ákveðnar tegundir skurðaægerða. Drykkurinn hjálpar líkamanum að takast á við álag sem fylgir ægerðinni. Hann dregur úr þorsta- og svengdartilfinningu, er liður í að stytta föstu og getur stuðlað að betri líðan og skjótari bata eftir ægerð.

Mikilvægt er að drekka alla drykkina sem eru afhentir:

- Kvöldið fyrir ægerð þarf að drekka fjórar flöskur, alls 800 ml. Mælt er með að byrja á því um klukkan 18 til að ná að klára drykkina áður en farið er að sofa.
- Að morgni ægerðardags þarf að drekka tvær flöskur, 400 ml. Gæta þarf þess að klára drykkinn tveimur klukkustundum fyrir komu á spítalann.

PreOp inniheldur ekki glúten, laktósa, fitu, prótein eða trefjar.